

Framtíðarskólinn - vinnustofa

14 Mar 2022

Poll results

Table of contents

- Upphitun
- 1. Af hverju?
- 2. Hvað myndi breytast ef:
- 3. Ef peningar (til skamms tíma) væru ekki vandamál...
- Ef fyrirsögn fréttamiðla væri: Ísland með bestu ungmenni heims árið 2046...hvað stæði í fréttinni að Ísland hefði gert á árunum 2022-2045 til þess að svo yrði?

Upphitun (1/6)

0 1 8

Við hvað starfar þú? (1/2)

- Skólastjóri
- Grunnskólafulltrúi
- Við það að styðja starfsfólk og stjórnendur í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi í að sækja um styrki og taka þátt í og skipuleggja alþjóðleg samstarfsverkefni
- er deildarstjóri yfir fræðslu-, frístunda- og menningarmálum í Fjallabyggð
- Lögfræðistörf
- deildarstjóri skólaþjónustu
- Grunnskólafulltrúi á fræðslusviði Reykjanesbæjar
- Sérfræðingur í skólamálum hjá Sambandi ísl sveitarfélaga
- Vinn í skólamálum hjá sambandinu
- Deildarstjóri skólaþjónustu
- Skólaráðgjöf
- skólamálafulltrúi
- Sérfræðingur í ráðuneyti mennta- og barnamála
- Fræðslustjóri
- Bæjarstjóri
- Skóla- og lýðheilsumál
- Nýsköpun og þróun í skóla- og

Upphitun (1/6)

Við hvað starfar þú? (2/2)

0 1 8

frístundastarfi og innleiðingu
menntastefnu Reykjavíkur

- Sérfræðingur hjá Mennta og
barnamálaráðuneytinu

Upphitun (3/6)

0 1 8

Nefndu eitthvað sem fólk heldur oft um um þig, en er rangt

- Að ég sé bara að dúllast alla daga.
- Hm..... nú veit ég ekki
- Að ég sé mjög skipulagður
- Að ég hangi aldrei við að gera ekki neitt 😊
- Að ég sé alltaf hress 😊
- að ég geti spilað á hljóðfæri
- Að ég geti hoppað hæð mína í fullum herklæðum
- Ofurskipulögð
- Að ég hafi spilað körfubolta
- Dettur ekkert í hug
- Púff - dettur ekkert í hug!
- Alltaf á fjöllum
- Að ég sé alltaf hress
- Mjög duglegur í ræktinni
- Að ég kunni á öll hljóðfæri
- Hhmmmm
- ég sé að flýta mér
- Að ég sé alltaf upptekinn

Upphitun (4/6)

0 1 8

Hver er síðasta þáttarsería sem þú hámhorfðir (e.binge) á?

- Svörtusandar
- Hámhorfi sjaldan
- Star Trek Voyager
- Murders
- 24
- Good doctor
- The english game
- Horfi svo lítið á sjónvarp
- Dallas
- This is us
- The girl from Oslo / Verbúðin
- Inventing Anna
- Fallet
- Venjulegt fólk
- Farmur á RUV
- The Block
- úps
- Squid Game

Hvað tónleikum munt þú aldrei gleyma?

- Pál óskar í Hörpunni
- Die Antwoord
- Paul Young 😂
- Queen á Wembley
- Með Michael Jackson í Köben
- Deep Purple fyrir mörgum árum
- U2 í London
- Rolling Stonrs
- Bob Marley í Noregi 1980
- Cohen á Sparta í Lundi
- Kim Larsen
- Stephan Graphelli á Mallorca 1992
- Bryn Terfel í Háskólabíói
- Buena Vista Social club á Íslandi
- Sigur Rós í Öxnadal

Upphitun (6/6)

0 1 8

Nefndu eitthvað eitt sem þú ert innilega þakklát/-ur fyrir þessa dagana.

- Að búa í útnára Evrópu
- Heilsuna, fjölskylduna, vinnuna, veðrið
- Fjölskylduna mína
- Heilsuna og fjölskylduna
- Lífið!
- góð heilsa
- að hitta fólk
- Að búa í friðsömu landi
- Barnabörninn mín
- Fjölskylduna mína og heilsuna
- Fjölskyldu mína og Þórólf
- Barnabörninn alla daga!
- Að vera ekki í Úkraínu
- Fjölskyldu og félaga
- Rokið og rigninguna á Reykjanesi
- Fjölskylduna mína - alla daga
- lífið og friðinn
- Að geta ferðast

1. Af hverju? (1/3)

0 1 7

Hvert er raunverulegt markmið menntunar? (Við verðum ánægð með útkomuna ef...) (1/3)

- Við verðum ánægð með útkomuna ef einstaklingur hefur getuna til að beita gagnrýnni hugsun, getur tekist á við fjölbreytt verkefni og skapað virði til framtíðar fyrir bæði sjálfan sig og samfélagið.
- Ef nemendur eru fullir sjálfstrausts og þekkir styrkleika sína og veikleika.
- ef okkur tekst að efla sjálfsmat, áræðni, samskiptahæfni, hjálpa nemendum að finna, rækta og þroska hæfileikana
- ...börn og ungmenni hafa náð að rækta hæfileika sína og verða hamingjusöm.
- ...okkur hefur tekið að byggja upp sjálfstæða og heilbrigða einstaklinga sem eru tilbúnir til að taka ábyrgð á eigin lífi, námi og starfi og hafi trú á sjálfum sér.
- Mannrækt
- Að gefa hverjum einstaklingi tækifæri

1. Af hverju? (1/3)

0 1 7

Hvert er raunverulegt markmið menntunar? (Við verðum ánægð með útkomuna ef...) (2/3)

- til að ná markmiðum sínum.
- Að efla einstaklinga og samfélagið
- Að undirbúa nemendur undir framtíðina og þær áskoranir sem þau munu standa frammi fyrir í námi og starfi. Að geta lært hvar sem er og hvenær sem er.
- ...ef að allir ná að rækta hæfileika sína, upplifa að þau hafi "agency", geti haft áhrifi á samfélagið og eigin framtíð.
- Manneskjan hefur hlotið menntun til mennsku, hefur
- getu til að bera ábyrgð á sjálfum sér og öðrum , líður vel, getur aflað sér upplýsinga til að bæta eigið líf og annarra, skilur að allt sem maður gerir í lífinu hefur áhrif á samfélagið. Hver og einn kunni að stuðla að raunverulegri inngildingunni samfélagsins
- Aðstoða börn og ungmenni til að rækta sjálfsmynd sína ásamt því að nýta hæfileika sína og færni í skapandi umhverfi
- Rækta sjálfsmyndina,

1. Af hverju? (1/3)

0 1 7

Hvert er raunverulegt markmið menntunar? (Við verðum ánægð með útkomuna ef...) (3/3)

- tengjast félagslega
- Að hjálpa einstaklingum til að þroska með sér sköpunargáfu, frumskvæði, gagnrýna hugsun og dug. Kveikja forvitni og löngun til að leita leiða og lausna til að takast á við hið óþekkta.
- Ef okkur hefur tekist að hjálpa til við að gera nemendur hamingjusama, með gott sjálfstraust og með góða fjölbreytta færni og samfélagslega þenkjandi.
- Að búa nemendur undir lífið
- Að nemendur öðlist sjálftraust til að nýta eigin hæfileika

1. Af hverju? (2/3)

0 1 6

Hver er tilgangur skóla? (1/2)

- Að mennta nemendur fyrir þeirra framtíð
- Getur það farið eftir því hvenær á námsferlinum við er átt? Er tilgangur skóla sá sami í leik- og háskóla?
- Skapa umhverfi sem er nærandi og hvetjandi þar sem öllum líður vel og hafa tækifæri til að blómstra.
- Að styðja við styrkleika hvers og eins, aðstoða nemendur við að blómstra í lífi og starfi.
- Mannrækt
- Að skapa umhverfi sem hvetur og eflir.
- Að gefa nemendum færi á að læra samskipti
- Að undirbúa nemendur til framtíðar með hvetjandi og fjölbreyttu umhverfi sem tekur mið af ólíkum einstaklingum.
- Að skapa umhverfi þar sem börnum líður vel, þau fá áskoranir við hæfi.
- ætti hér að standa tilgangur menntunar? Skólinn þá ætti amk að leiða

1. Af hverju? (2/3)

0 1 6

Hver er tilgangur skóla? (2/2)

til menntunar en ekki viðhalda valdastrúkturum og samfélagi sem er án inngildingar

- Að vinna að því markmiði um menntun barna og ungmenna
- Styrkja sjálfsmynd, tengjast félagslega
- Verkfæri menntunar,
- Að efla nemendur þannig að þeir geti verið góðir öflugir samfélagsþegnar, sjálfstæðir og samfélagslega þenkjandi
- Að skapa umgjörð sem gerir nemendum kleift að

öðlast menntun sem býr þá undir lífið.

- Að mennta fræða og hlúa að einstaklingunum

1. Af hverju? (3/3)

0 1 3

Hver er mælikvarðinn á að þú hafir fengið góða menntun þegar þú ert 25 ára? (Það hefur tekist vel ef hvað?)

(1/3)

- Þú ert fullur þátttakandi í samfélaginu.
- Að þú sért búinn að finna fjölinu þína og stefnir ótrauður að því markmiði
- Ef mér finnst ég vera nægilega vel undirbúin til að takast á við alls kyns áskoranir, án þess endilega að hafa lært allt, bara tilbúin til að læra nýtt og takast
- Þú ert fullur þátttakandi í samfélaginu.
- Að þú sért búinn að finna fjölinu þína og stefnir ótrauður að því markmiði
- Ef mér finnst ég vera nægilega vel undirbúin til að takast á við alls kyns áskoranir, án þess endilega að hafa lært allt, bara tilbúin til að læra nýtt og takast
- á við alls kyns verkefni. Að ég haf trú á mér, hafi þroskað með mér samkennd og að ég hafi fengið tækifæri til að efla styrkleika mína, þekkingu, leikni og hæfni.
- Ég hef sæmilegan skilning á takmörkum eigin þekkingar og skilnings. Þekki veikleika mína og styrkleika. Geri mér einhverja grein fyrir fordómum mínum. Viðheld áhuga mínum. Vil leggja af mörkum.

1. Af hverju? (3/3)

0 1 3

Hver er mælikvarðiinn á að þú hafir fengið góða menntun þegar þú ert 25 ára? (Það hefur tekist vel ef hvað?)

(2/3)

- Þú ert ennþá glaður í þekkingarleit til framtíðar.
- Að vera góður víðsýnn einstaklingur
- Ef ég get leyst þær áskoranir ein eða með öðrum sem ég þarf að takast á við. Vita hvert ég get leitað til að fá aðstoð. Vellíðan, geta unnið með öðrum og leitað fjölbreyttra lausna. Að ég hafi áttað mig á að nám getur farið fram hvar sem er og hvenær sem er og ekki bundin stundaskrá og staðsetningu.
- Að einstaklingur sé sáttur í eigin skinni og lífi.
- Mér líði vel og geti haft góð áhrif á eigið líf og annarra
- Vera félagslega sterkur, með sterka sjálfsmynd, líður vel
- Þú ert með gott

1. Af hverju? (3/3)

Hver er mælikvarðinn á að þú hafir fengið góða menntun þegar þú ert 25 ára? (Það hefur tekist vel ef hvað?)

(3/3)

0 1 3

sjálfstraust og að fást við uppbyggileg verkefni í samstarfi við annað fólk.

- Ef ég er sáttur í hjartanum við hvað ég er staddur í lífinu að svo miklu leyti sem ég hef haft tækifæri til að hafa eitthvað með það að gera.
- Ef ég er heilsteyptur sjálfstæður opinn einstaklingur

2. Hvað myndi breytast ef: (1/7)

0 1 8

Ef leikskóli væri til 7 ára og enn meiri áhersla væri á leik?

(1/3)

- Þá væri námsumhverfi þar sem gert er meira ráð fyrir leik og útiveru á yngsta stigi leikskólans. Stundaskrá væri ekki í gildi. Námsgreinar samþættar og námsumhverfið hvetjandi og skapandi. Rafrænir námsleikir þykja sjálfsagðir og umgengni við tækni í skólaumhverfinu er kennd markvisst.
- Börnin hamingjusamari lengur? Það þarf að eyða út þessum skörpu skólaskilum beggja vegna grunnskólans.
- Nemendur hefðu tækifæri til að efla félagsfærni sína enn meira í gegnum leik. Það þyrfti að leggja áherslu á frjálsan leik, ekki skipulagðan, nýta „verðlaust“ dót þannig að hugmyndaflug barna fái að njóta sín.
- Væri til mikilla hagsbóta fyrir börn. Gæta þarf að menntun og þekkingu kennara sem koma að málum frá báðum skólastigum.

2. Hvað myndi breytast ef: (1/7)

0 1 8

Ef leikskóli væri til 7 ára og enn meiri áhersla væri á leik? (2/3)

- Mörg börn myndu eiga auðveldara með að takast á við skólann 7 ára.
- Giska á að það hefði býsna jákvæð áhrif.
- Leikurinn væri líklega ennþá meiri þungamiðja í námi barnanna.
- Börn fengju að ná meir félagslegum þroska og leikurinn verður meiri í lífi barna
- Sennilega/vonandi glaðari börn
- Þeir leikskólar sem væru vel mannaðir og með öflugra sýn á áhugadrifið könnunarnám og frjálsan leik myndu búa börn betur undir lífið en formlegt nám. Félagsfærni, sjálfsefning og samskipti í fjölbreyttum barnahópi fengju meira vægi. Hér skiptir frístundastarf líka mjög miklu máli, hvernig er hægt að halda vægi þess hærra á lofti þegar grunnskólanám hefst
- börn fengju lengri tíma til að læra í

2. Hvað myndi breytast ef: (1/7)

0 1 8

Ef leikskóli væri til 7 ára og enn meiri áhersla væri á leik?

(3/3)

- gegnum leikinn með hugmyndafræði leikskólans að leiðarljósi
- Held að það yrði minna um skólaleiða og meiri sköpun hjá nemendum. Færeyjar eru með þetta þannig og koma vel út.
- Það yrði breyting á starfsumhverfi, enn meira farið út fyrir byggingar og enn fjölbreyttari starfsmannahópur, skapandi starfsmönnum myndi fjölga
- Meiri gleði
- Glaðari börn
- Aukið hugmyndaflug barna
- Húsgagnakostur skólanna, kennsluaðferðir og viðhorf
- Þau yrðu glaðari

2. Hvað myndi breytast ef: (2/7)

0 1 9

Hvað myndi breytast ef það væri ólöglegt fyrir skóla að láta börn sitja í meira en 25% af skólatímanum

(1/3)

- Meira hreyfihvetjandi umhverfi. Fjölbreytt námsumhverfi. Gróðurhús, hreyfihvetjandi skólalóð.
- Hamingjusamari börn og heilinn virkari
- Meiri ánægja meðal nemenda. Skipulag skólanna myndi breytast stórlega.
- Hvað þá ef þau ættu að vera 50% tímans utandyra! Frábært að sjá leiðina.
- Það yrði miklu meiri leikur, bæði frjáls og stýrður, myndi leiða til meira samskipta og félagsfærni, nemendum þætti skemmtilegra í skólanum (og kennurum líka), þau fengju eflaust að ráða meiru, miklu meiri kennsla í gegnum leik (sem er btw. besta kennsluaðferðin) og ég þess fullviss að allir í skólasamfélaginu væru glaðari og hamingjusamari!!
- Börnum með mikla hreyfiþörf

2. Hvað myndi breytast ef: (2/7)

0 1 9

Hvað myndi breytast ef það væri ólöglegt fyrir skóla að láta börn sitja í meira en 25% af skólatímanum

(2/3)

- liði betur í skólanum. Það yrðu keypt upphækkanleg borð fyrir nemendur svo þau gætu líka staðið við borðin, skólastofur yrðu fjölbreyttari.
- Líklega yrðu kennsluhættir talsvert fjölbreyttari.
- Börnum liði betur og væru þar af leiðandi líklegri til að ná árangri. Þau væru líklega heilsuhraustari og hamingjusamari.
- Það væri meiri leikur í námi barna og ungmenna
- Þetta væri allt öðru vísi skóli. Gæti orðið betri skóli, en þá þyrfti að umskóla starfslið skólans.
- Þau yrðu virkari og um leið færari til að taka við nýjum upplýsingum, samhliða dregur úr streyту og minna verður um árekstra
- börn myndi fá fjölbreyttari tækifæri til náms í ólíkum aðstæðum
- Þá myndi skólastarfið

2. Hvað myndi breytast ef: (2/7)

0 1 9

Hvað myndi breytast ef það væri ólöglegt fyrir skóla að láta börn sitja í meira en 25% af skólatímanum

(3/3)

- breytast mjög hratt í átt að skapandi skólastarfi.
- Húsgögnum myndi fækka og starfmenn og nemendur fjótir að finna aðrar leiðir til að nálgast verkefnin
- Meiri gleði, meira kaos, sem krefst meiri skipulags
- Glaðari börn, heilbrigðari börn, meiri tjáning færi fram, meira samtal
- Glaðari börn!
- Húsgagnakostur skólanna, kennsluaðferðir og viðhorf
- Við hefðum færri stóla og meira rými. Meiri hreyfing, meiri samskipti og öðruvísi kennsla

2. Hvað myndi breytast ef: (3/7)

0 1 7

Hvað myndi breytast ef öll börn, 4-18 ára, myndu læra tónlist, myndlist, leiklist og dans í hverri viku?

(1/3)

- Meiri sköpun og
- Þarf það ekki líka að fara eftir áhugasviði hvers og eins? Myndi virkja betur bæði heilahvelin 😊
- Margir myndu blómstra á meðan öðrum myndum leiðast. Val um listgreinar þyrfti að vera fjölbreyttara til að allir hefðu tækifæri til að láta ljós sitt skína og rækta hæfileika sína og áhuga, t.d. smíðar, málmur og vél, textíll o.fl.
- Fleiri börn myndu tengja við og njóta þess að taka þátt í skapandi ferli.
- Giska á að það hefði jákvæð áhrif á vellíðan barna.
- Þau væru opnari, sterkari félagslega, hamingjusamari, ættu auðveldara með að tilheyra og væru frjálsgri, hefðu sterkari sjálfsmynd og “sköpunarglaðari”.
- Líf þeirra væri ríkara og þau myndu vrrða

2. Hvað myndi breytast ef: (3/7)

0 1 7

Hvað myndi breytast ef öll börn, 4-18 ára, myndu læra tónlist, myndlist, leiklist og dans í hverri viku?

(2/3)

víðsýnni og njóta sín betur í öðrum fögum

- Nemendur væru glaðari, með meiri orku og myndu halda sköpunargáfunni virkri.
- Listnám er mikilvægt fyrir flesta held ég en kannski ekki alveg alla og þeir þyrftu að hafa einhverja valmöguleika
- Þau myndu opna á fleiri hluta heilans
- fleiri börn og

ungmenni fengju tækifæri til að nýta þessa þætti

- Skapandi skólastarf.
- Fjölbreyttari starfsmannahópur og meira samstarf við menningarstofnanir
- Meiri gleði
- Þau yrði frjáltsari, glaðari, meiri tjáning, opnari
- Aukin sköpunargáfa
- Þau yrðu betri í samskiptum, tjáningu, að horfast í

2. Hvað myndi breytast ef: (3/7)

0 1 7

Hvað myndi breytast ef öll börn, 4-18 ára, myndu læra tónlist, myndlist, leiklist og dans í hverri viku?

(3/3)

augu, að ræða saman og að sjá
hlutina öðruvísi

2. Hvað myndi breytast ef: (4/7)

0 1 1

Hvað myndi breytast ef Ísland yrði efst á PISA 2030, hvaða aukaverkanir gætu orðið? (1/2)

- Allt yrði staðlað og leiðinlegt. Meiri vandamál í skólasterfinu.
- Sé ekki að margt myndi breytast annað en að róa pólitíkusana. "Aukaverkanir" yrðu mögulega þær að skólarnir fengju meira svigrúm til sjálfstæðis þ.e. "hitt" væri í góðu lagi.
- Enn meiri áhugi erlendra gesta á að heimsækja Ísland og kynnast menntakerfinu okkar. Gæti orðið ofuráhersla á að viðhalda þeim stað.
- Þær gætu orðið bæði jákvæðar og neikvæðar!
- Gæti haft þau áhrif að við "héldum áfram" að þrengja námskrána okkar og þar af leiðandi þrengja möguleikana fyrir börn til að rækta hæfileika sína og menntast (menntun hugar og hjarta)
- Við myndum eflaust leggja enn meiri áherslu á Pisafögin
- Það væri skelfilegt fyrir börnin og skólakerfið!

2. Hvað myndi breytast ef: (4/7)

0 1 1

Hvað myndi breytast ef Ísland yrði efst á PISA 2030, hvaða aukaverkanir gætu orðið? (2/2)

- Það fer eftir því hvernig Pisaframkvæmdin yrði. Ef við leggjum áherslu á stífa bókllega kennslu þá yrði það líklega ekki gott en kannski yrðum við efst í Pisa með að vera búin að efla skapandi, gagnrýna hugsun hjá nemendum??
- Ísland best í heimi hugtakið myndi glymja
- Fleiri myndu koma að kenna
- Börnin yrðu leiðari og verri í samstarfi

2. Hvað myndi breytast ef: (5/7)

0 1 5

Hvað myndi breytast ef kennarar væru launahæsta stéttin á Íslandi?

(1/2)

- Allt. Betri árangur, meiri jákvæðni og öflug starfsþróun.
- Allir myndu vilja verða kennarar og þá væri hægt að velja þá allra hæfustu eins og gert er í Finnlandi með markvissum inntökuskilyrðum
- Alls kyns fólk myndi sækja í kennarastarfið og það væri alvöru samkeppni um að hafa besta fólkið í starfi.
- Við fengjum inn rjómann af öllu hæfileikafólki landsins.
- Meiri virðing yrði borin fyrir kennurum og skólastarfi.
- Við fengjum meiri aðsókn í kennaranám.
- Engin kennaraskortur. Slegist um að komast í kennaranám. Bestu kennara í heimi sem líta á kennslu sem sitt framlag til framtíðar
- Faglegt sjálfstraust og myndu njóta meiri virðingar.
- Það væri jákvætt en þá þyrfti líka að gera meiri kröfur til þeirra
- vonandi ánægðir kennarar

2. Hvað myndi breytast ef: (5/7)

0 1 5

Hvað myndi breytast ef kennarar væru launahæsta stéttin á Íslandi? (2/2)

- og virði þeirra væri mögulega meira
- Þá fengjum við kannski meira úrval en líklega væru þá einnig einhverjir að elta peningana en ekki starfið sjálft en við fengjum alltaf meiri virðingu með meiri peningum.
- Myndu hætta að tuða Vera með meira sjálfstraust
- Kennsla yrði eftirsóknarverðara starf fyrir fjölbreyttari hóp.
- Starfið yrði eftirsóttara og fólk með allskonar viðbótarmenntun og sérhæfi sæu hag sinn í að koma inn í skólanna sem yki fjölbreytni menntunar og möguleika barnanna
- VIP fengjum og héldum í besta fólkið. Minni vandamál annars staðar

2. Hvað myndi breytast ef: (6/7)

0 1 4

Hvað myndi breytast ef það væri bara val í framhaldsskóla, enginn „kjarni“?

(1/2)

- Mjög margt.
- Háskólarnir myndu hafna þeim! Við þurfum skólaskyldu til 18 ára aldurs.
- Það myndi mögulega hafa áhrif á brottfall. Öflug náms- og starfsfræðsla þyrfti að vera til staðar bæði í grunn- og framhaldsskóla til að tryggja að nemendur séu vel undirbúnir fyrir framhaldsnám.
- Færri myndu læra dönsku.
- Frábær hugmynd 😊
- Nemendur fengju það nám sem þeim hentar, ef foreldrar leyfa þeim að velja sjálf.
- Nemendur myndu fá tækifæri til að vinna meira með áhugasvið og það myndi styrkja nám nemandans.
- aukin tækifæri fyrir ungmenni til að velja áhugategnd verkefni
- Ekki mjög mikið, en hægt og rólega myndu skólar skapa sér sérstöðu
- Meiri sérhæfing.

2. Hvað myndi breytast ef: (6/7)

0 1 4

Hvað myndi breytast ef það væri bara val í framhaldsskóla, enginn „kjarni“? (2/2)

- Þá myndu fleiri útskrifast Fleiri myndu finna sína fjöl
- Minna brotthvarf. Sjálfstæðari og ánægðari nemendur.
- Nemendur settu saman nám sitt út frá áhugasviði og því sem þeir teldu að nýttist þeim best í framtíðinni
- Börn myndu finna hraðar áhugasvið sitt

2. Hvað myndi breytast ef: (7/7)

009

Hvað myndi breytast ef það væru 20 ólíkir lýðháskólar um allt land fyrir 18-22 ára?

- Það yrði frábært.
- Ég myndi vilja að lýðskólarnir væru frá 16 ára þannig að nemendur sem ekki eru tilbúnir í frh.skólann gætu tekið 1-2 ár í lýðskóla og mátað sig við alls konar út um allt land.
- Það yrði meiri virðist borin fyrir "öðrum" leiðum en bóknámi.
- Aukin fjölbreytni, sveigjanleiki í menntun.
- meiri fjölbreytileiki í námsvali
- Nemendur yrðu glaðari, hæfari og fengju raunverulegt val um nám. Pressan um stúdenst/lokapróf minnka. Í dag er of mikið álag að klára klára
- Meiri virkni ungmenna Fleiri gætu unnið eftir styrkleikum sínum Fleiri myndu fylgja draumum sínum
- Aukin fjölbreyttni, meiri nýsköpun, ungmenni klára frekar námið.
- Það væri geggjað!

3. Ef peningar (til skamms tíma) væru ekki vandamál... (1/2)

0 1 8

Hvað myndu leikskólar gera meira af ef peningar væru ekki vandamál? (1/4)

- Skapa starfsfólki betri starfsaðstöðu og stórauka möguleika á starfsþróun. Stórbæta kjör. Ráða inn þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, leikara, tómstundafræðinga, sálfræðinga.
- Fækka börnum í hópum og fjölga fjölbreyttum rýmum í skólunum.
- Hækka laun kennara og fjölbreyttari fagmenntun, hátt starfshlutfall fagmenntaðra kennara, meiri tækni, leiri vettvangsferðir, spennandi og áhugaverðar starfsáætlanir, skýr stefna skóla sem fylgt er eftir með fjármagni.
- Þeir myndu fjölga kennurum og búa með því til meira svigrúm fyrir faglegt samstarf.
- Koma betur til móts við mismunandi nemendur með fleiri starfsmönnum úr röðum mismunandi fagaðila. Fjölbreyttara námsumhverfi til að mæta ólíkum þörfum.
- Værum í alls konar upplifunum

3. Ef peningar (til skamms tíma) væru ekki vandamál... (1/2)

0 1 8

Hvað myndu leikskólar gera meira af ef peningar væru ekki vandamál? (2/4)

- með nemendum t.d náttúru ferðir
- Fjárfesta í mannauði, námsgögnum, leiktækjum. Fara í fullt af vettvangs-, og vísindaferðum. Vonandi fá inn frábært og skapandi fólk til að kynna nemendum alls konar frábærar hugmyndir, tækni og vísindi og mennta kennarana með fjölþættari hætti.
- Erfitt að svara þessu. Útkoman yrði eflaust eins
- mismunandi og skólarnir eru margir. Einhverjir myndu bæta húsakost og innviði, aðrir huga að faglegum þáttum. Færi sem sagt eftir aðstæðum
- Borga hærri laun og laga starfsaðstæður þannig að það fengist menntað fólk til starfa, minni mannekla og með því yrði faglegt starf enn betra.
- Borga hærri laun Vera með fleiri fagmenntaða Fá meira rými fyrir börn og starfsfólk

3. Ef peningar (til skamms tíma) væru ekki vandamál... (1/2)

0 1 8

Hvað myndu leikskólar gera meira af ef peningar væru ekki vandamál? (3/4)

- Efla starfsfólkið sitt, útbúa alls kyns námssvæði bæði inni og úti. Fara í fleiri vettvangsferðir
- Hægt minnka hópa þegar þarf, gera meira skapandi, fara meira út úr skólanum og sinna mennskunni betur.
- Borga hærri laun og ráða þ.a.l. vonandi fleira starfsfólk.
- Ráða fleira fólk, stytta vinnudaginn og sinna börnum með margvíslegar sérþarfir betur
- Betri matur og gróðurhús við hvern skóla
- Peningar eru ekki lausn við öllu en það yrði keyptur meiri og betri efniviður, húsnæði yrði bætt þannig að það kæmi betur til móts við börn og starfsfólk og fyrr yrði brugðist við vanda sem upp kemur í barnahópnum því hægt væri að nýta ráðgjöf fyrr og með öðrum hætti en nú er.
- Leikskólar yrðu skipaðir fleira fagfólki og fjölbreyttari starfsmannahópi

3. Ef peningar (til skamms tíma) væru ekki vandamál... (1/2)

Hvað myndu leikskólar gera meira af ef peningar væru ekki vandamál?
(4/4)

0 1 8

- Fara í fleiri vettvangsferðir.

3. Ef peningar (til skamms tíma) væru ekki vandamál... (2/2)

0 2 2

Hvað myndu grunnskólar gera meira af ef peningar væru ekki vandamál?

(1/4)

- Gjörbreyta húsakynnum og búnaði. Stórbæta kjör. Ráða inn þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, leikara, tómstundafræðinga, sálfræðinga.
- Fækka börnum í hópum og fjölga fjölga fjölbreyttum rýmum í skólanum.
- Hækka laun kennara og fjölbreyttari fagmenntun, hátt starfshlutfall fagmenntaðra kennara, meiri tækni, leiri vettvangsferðir, spennandi og áhugaverðar starfsáætlanir, skýr stefna skóla sem fylgt er eftir með fjármagni.
- Þeir myndu bæta aðbúnað og auka þverfaglega samvinnu.
- Koma betur til móts við mismunandi nemendur með fleiri starfsmönnum úr röðum mismunandi fagaðila. Fjölbreyttara námsumhverfi til að mæta ólíkum þörfum.
- Vera meira í upplifunarferðum
- Tja, líklega fjárfesta í

3. Ef peningar (til skamms tíma) væru ekki vandamál... (2/2)

0 2 2

Hvað myndu grunnskólar gera meira af ef peningar væru ekki vandamál? (2/4)

alls konar tækjum og tólum?

Vonandi innleiða nýja og fjölbreyttari kennsluhætti með framúrskarandi námsgögnum. Fara í fullt af vettvangs-, og vísindaferðum. Vonandi fá inn frábært og skapandi fólk til að kynna nemendum alls konar frábærar hugmyndir, tækni og vísindi og mennta kennarana með fjölþættari hætti.

- Erfitt að svara þessu. Útkoman yrði eflaust eins

mismunandi og skólarnir eru margir. Einhverjir myndu bæta húsakost og innviði, aðrir huga að faglegum þáttum, eða starfsfólkinu.

Færi sem sagt eftir aðstæðum

- Held að það færi eftir menningu hvers skóla. Margir eldri kennarar eru ekkert endilega tilbúnir í miklar breytingar þannig að

3. Ef peningar (til skamms tíma) væru ekki vandamál... (2/2)

0 2 2

Hvað myndu grunnskólar gera meira af ef peningar væru ekki vandamál? (3/4)

- ég held að það þyrfti að fjárfesta í mikilli endurmenntun og fá hópinn til að róa saman í sömu átt.
- Ekki skipta í bekki heldur teymi nemenda - námsteymi. Ráða fagfólk með ólíka menntun inn í skólann til að vinna með teymunum.
 - Fara í fleiri (vettvangs)ferðir bjóða upp á betri mat
 - Efla starfsfólkið sitt, tæknivæða, tryggja að námssvæðin henti öllum nemendum, bæði inni og úti.
 - Hægt minnka hópa þegar þarf, gera meira skapandi, fara meira út úr skólanum og sinna mennskunni betur.
 - Færri nemendur í bekk / fleiri kennarar með hópa. Fjölbreyttara fagfólk ráðið inn í skólann. Fleiri og metnaðarfullri vettvangsheimsóknir.
 - Fleiri tæknilegar úrlausnir sem leiðir til meiri sköpunar í námi.

3. Ef peningar (til skamms tíma) væru ekki vandamál... (2/2)

0 2 2

Hvað myndu grunnskólar gera meira af ef peningar væru ekki vandamál? (4/4)

- Meiri tilraunastarfsemi og nýsköpun.
- Ráða fleira fólk, stytta vinnudaginn og sinna börnum með margvíslegar sérþarfir betur
- Betri matur, gróðurhús við hvern skóla
- Meiri skapandi starf. Betri og fjölbreyttari tækjabúnaður. Fjölbreyttara námsumhverfi. Meira uppbrot á starfinu.
- peningar eru ekki lausn við öllu en það yrði keyptur meiri og betri efniviður, húsnæði yrði bætt þannig að það kæmi betur til móts við börn og starfsfólk og fyrr yrði brugðist við vanda sem upp kemur í barnahópnum því hægt væri að nýta ráðgjöf fyrr og með öðrum hætti en nú er.
- Tekist yrði á við kostnaðarsamari verkefni í samstarfi við aðra skóla, stofnanir
- Minni bekkir, meira flæði, betri tækni.

Ef fyrirsögn fréttamiðla væri: Ísland með bestu ungmenni heims árið 2046...hvað stæði í fréttinni að Ísland hefði gert á árunum 2022-2045 til þess að svo yrði?

0 1 5

(1/6)

- Íslendingar juku skapandi kennsluhætti með gagnrýnni hugsun og einnig var jafnt og þétt horfið frá miklu vinnuálagi þannig að foreldrar fengu meiri tíma með börnum sínum. Hjarðhegðun minnkaði til muna og minna varð um þunglyndi. Meiri gleði varð í skólum landsins og þessir glöðu einstaklingar sem tóku við keflinu smituðu enn meiri skapandi gleði til nemenda framtíðarinnar.
- Allir grunn- og framhaldsskólar tóku upp teymiskennslu og samvinnunámsaðferðir voru ríkjandi námsaðferðir í skólakerfinu. Leikskólar voru gjaldfrjálssir sem og þátttaka í íþróttá-, lista- og tómstundastarfi.
- Lögð hefur verið mikil áhersla á mannrækt og markvissa heilsueflingu sem miðar að því að virkja styrkleika þeirra, gera

Ef fyrirsögn fréttamiðla væri: Ísland með bestu ungmenni heims árið 2046...hvað stæði í fréttinni að Ísland hefði gert á árunum 2022-2045 til þess að svo yrði?

0 1 5

(2/6)

Þau hæfari í samskiptum og samvinnu og efla þrautseigju til að takast á við verkefni og áskoranir dagslegs lífs.

- Nemendur á Íslandi eru leiðtogar í eigin námi. Þeir hafa menntun sem byggir á nýsköpun og tækni og eru óhræddir við að láta skoðanir sínar í ljós. Þau vita að

á þau er hlustað og að þau skipta máli. Þau kunna að vinna með öðrum og nýta fjölbreyttar leiðir til að ná markmiðum sínum og fá tækifæri til þess.

- Á Íslandi var lögð gríðarleg áhersla á samþætta þjónustu í þágu farsældar barna með snemmtækri íhlutun þar sem allir aðilar tóku höndum saman til að tryggja farsæld barna. Áhersla var lögð á öflug

Ef fyrirsögn fréttamiðla væri: Ísland með bestu ungmenni heims árið 2046...hvað stæði í fréttinni að Ísland hefði gert á árunum 2022-2045 til þess að svo yrði?

0 1 5

(3/6)

- kennsluráðgjöf í skólunum og öfluga stoðþjónustu, endurmenntun starfsfólks og að hafa fagfólk á hverju strái. Gríðaleg áhersla hefur verið lögð á forvarnir og fræðslu um geðheilsu, sjálfsstyrkingu, félagsfærni og trú á eigin getu.
- Ísland stórefldi stuðning við skólakerfið til að efla félagsfærni og sjálfsmynd ungs fólks. Þau afmáðu skilin milli formlegs og óformlegs náms og sköpuðu umhverfi þar sem öllu ungu fólki leið vel í eigin skinni og virðist var borin fyrir fjölbreytileika mannflórunnar.
 - 1. Stutt foreldra til að sinna börnum sínum heima við fyrstu 2 árin með ýmsum skemmtilegum leiðum. 2. Leikskólinn væri vel mannaður fagfólki og fyrir börn á aldrinum 3ja til 7 ára. 3. Grunnskólastarfið væri samþætt við frístundastarf með miklu

Ef fyrirsögn fréttamiðla væri: Ísland með bestu ungmenni heims árið 2046...hvað stæði í fréttinni að Ísland hefði gert á árunum 2022-2045 til þess að svo yrði?

0 1 5

(4/6)

- flæði á milli. 4. Gætt væri að vinnudegi barnanna og hann ákveðin með hagsmuni barna að leiðarljósi - ekki atvinnulífs eða annarra forsenda. Settir væru peningar í barnvænt samfélag sem klárlega tekur hagsmuni barna og réttindi fram yfir annað.
- Íslensk stjórnvöld tóku ákvörðun um að horfa heildrænt à menntun fyrir 20 árum síðan. Horft var fyrst og fremst á líðan barna og næst voru öll stöðluð próf tekin út. Hefur þetta skilað bestu ungmönnum heims í dag þar sem gleð einkennir allt skólastarf og færni barna er með eindæmum góð
 - Þau hugsa um aðra fyrst og mikil sjálfboðavinna og aðstoð til annarra. Frjáls leikur, mikill stuðningur
 - Ísland heldur reglubundin nemendaping óháð skólastigum þar sem börn og

Ef fyrirsögn fréttamiðla væri: Ísland með bestu ungmenni heims árið 2046...hvað stæði í fréttinni að Ísland hefði gert á árunum 2022-2045 til þess að svo yrði?

0 1 5

(5/6)

ungmenni og eldri nemendur skipuleggja náms- og kennsluhætti, innleiddu lýðræðisleg samskipti, lögðu áherslu á mannúð, samkennd, geðrækt, listir og sköpun og almenna lýðheilsu. Nemendur tóku völdin!

- Það fer alveg eftir því við hvað er átt með "bestu ungmenni". Ef átt er við hamingjusöm, sjálfstæð þá hefðum við líklega verið að gera

það sem hér hefur komið fram í morgun. En ef átt er við að vera best í PISA, þá hefðum við sennilega gert eitthvað allt annað.

- Sköpuðum umhverfi og tækifæri fyrir þau að læra og tileinka sér: jákvæð og góð samskipti, kynna sér ólíka hluti, val um að læra og starfa við það sem þau hafa áhuga á.
- Íslendingar hafa lagt mikla áherslu sl 23

Ef fyrirsögn fréttamiðla væri: Ísland með bestu ungmenni heims árið 2046...hvað stæði í fréttinni að Ísland hefði gert á árunum 2022-2045 til þess að svo yrði?

0 1 5

(6/6)

ár að styrkja fjölskyldur og minnkað hefðbundinn starfstíma 30 tímar á viku. Allir skólar og allt frístundastarfs er frítt

- Ákveðið var að fjölga kennurum á kostnað stuðningsfulltrúa. Ákveðið var að setja fleiri kennara inn á yngsta stig grunnskóla - snemmbær stuðningur. Ákveðið var að hækka laun kennara og minnka kennsluskylduna svo að kennarar hefðu meiri undirbúningstíma.

Ákveðið var að fækka tímum á mið og unglíngastigi til að koma til móts við færri tíma í kennsluskyldu.

Fókusinn settur á gæði kennslu umfram magn. Ákveðið var að kennarar kæmu fyrir til undirbúnings á haustin.

- Samfélagsþátttökuverkefni eru í öndvegi í íslenskum skólum. Gefin væru fjölbreytt dæmi um þetta af öllum skólastigum.